

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 272/2009

2010/EES/21/08

frá 2. apríl 2009

um viðbót við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningssflugi sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 að samþykkja almennar ráðstafanir sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum sameiginlegra grunnkröfna um flugvernd í almenningssflugi, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þá reglugerð, með viðbótum við ákvæðin.
- 2) Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 er enn fremur kveðið á um að framkvæmdastjórnin verði að samþykkja nákvæmar ráðstafanir varðandi framkvæmd sameiginlegra grunnkröfna um flugvernd í almenningssflugi, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 300/2008, sem viðbót við almennu ráðstafanirnar, sem framkvæmdastjórnin samþykkti á grundvelli 2. mgr. 4. gr.
- 3) Þar af leiðandi skal samþykkja almennar ráðstafanir til að bæta við almennar grunnkröfur um flugvernd í almenningssflugi á sviði skimunar, aðgangseftirlits og annars flugverndareftirlits svo og á sviði bannaðra hluta, viðurkenningar á jafngildi kröfna um flugvernd í þriðja landi, ráðningar starfsfólks, þjálfunar, sérstakra verndarráðstafana og undanþágna frá flugverndareftirliti.
- 4) Þessar almennu ráðstafanir eru nauðsynlegar til að ná þeirri flugvernd innan Evrópusambandsins sem jafngildir þeim kröfum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2320/2002 ⁽²⁾, sem var felld úr gildi með reglugerð (EB) nr. 300/2008.
- 5) Í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skal viðaukinn við fyrrnefnda reglugerð gilda frá og með tilgreindum degi í framkvæmdarreglunum en eigi síðar en 24 mánuðum eftir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 300/2008. Beitingu almennu ráðstafananna, sem samþykktar voru skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal því seinkað þar til framkvæmdarreglurnar verða samþykktar, skv. 3. mgr. 4. gr., en eigi síðar en 29. apríl 2010.

- 6) Eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 29. apríl 2010 skulu aðferðir, þ.m.t. tækni til að greina sprengiefni í fljótandi formi, nýttar á flugvöllum innan Evrópusambandsins þannig að farþegar geti haft meðferðis skaðlausa vökva án takmarkana. Ef ekki reynist mögulegt að nýta aðferðir, þ.m.t. tækni til að greina sprengiefni í fljótandi formi, innan Evrópusambandsins innan tilskilins frests mun framkvæmdastjórnin leggja til nauðsynlega viðbót við flokka hluta sem heimilt er að banna (B-hluti viðaukans). Ef ekki reynist mögulegt að nýta aðferðir, þ.m.t. tækni, á tilteknum flugvöllum, af hlutlægum ástæðum mun framkvæmdastjórnin, í krafti framkvæmdarráðstafana, setja reglur um það hvenær megi hafa vökva meðferðis án þess að slakað sé á kröfum um flugvernd.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í þessari reglugerð er kveðið á um almennar ráðstafanir til að bæta við sameiginlegu grunnkröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 300/2008 í því skyni:

- a) að leyfa skimunaraðferðir eins og mælt er fyrir um í A-hluta viðaukans,
- b) að banna flokka hluta eins og mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans,
- c) að tilgreina ástæður fyrir því að veittur sé aðgangur að flugsvæði og haftsvæði flugverndar eins og mælt er fyrir um í C-hluta viðaukans,
- d) að leyfa aðferðir til að skoða ökutæki, framkvæma flugverndarathugun á loftfari og flugverndarleit í loftfari eins og mælt er fyrir um í D-hluta viðaukans,
- e) að setja viðmiðanir til að viðurkenna jafngildi kröfna um flugvernd í þriðju löndum eins og mælt er fyrir um í E-hluta viðaukans,
- f) að setja skilyrði fyrir skimun farms og pósts eða öðru flugverndareftirliti með þeim og að ákveða ferli við samþykki eða tilnefningu viðurkenndra umboðsaðila, þekkra sendenda og skráðra sendenda eins og mælt er fyrir um í F-hluta viðaukans,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61, 19.11.2009, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

- g) að setja skilyrði fyrir skimun pósts flugrekanda og rekstrarvara flugrekanda eða öðru flugverndareftirliti með þeim eins og mælt er fyrir um í G-hluta viðaukans,
- h) að setja skilyrði fyrir skimun birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða eða öðru flugverndareftirliti með þeim og ákvarða ferli fyrir samþykki eða tilnefningu viðurkenndra birgja og þekktra birgja eins og mælt er fyrir um í H-hluta viðaukans,
- i) að setja viðmiðanir við skilgreiningu á viðkvæmustu hlutum haftasvæða flugverndar eins og mælt er fyrir um í I-hluta viðaukans,
- j) að setja viðmiðanir sem unnt er að nota við ráðningu starfsfólks, sem mun hrinda í framkvæmd eða bera ábyrgð á því að framkvæma skimun, aðgangseftirlit eða annað flugverndareftirlit, og leiðbeinenda svo og aðferðir til að þjálfa þetta starfsfólk og einstaklinga sem fá útgefin aðgangskort að flugvelli eða aðgangskort áhafnar eins og mælt er fyrir um í J-hluta viðaukans og
- k) að setja skilyrði fyrir því hvernig beita megi sérstökum verndarráðstöfunum eða undanþágum frá flugverndar-eftirliti eins og mælt er fyrir um í K-hluta viðaukans.
2. „birgðir til notkunar um borð“: allir hlutir að undanskildum:
- handfangri,
 - hlutum sem aðrir einstaklingar en farþegar hafa meðferðis og
 - pósti flugrekanda og rekstrarvörum flugrekanda sem ætlunin er að taka með um borð í loftfarið og farþegar eða áhöfn nota, neyta eða kaupa meðan á flugi stendur,
3. „viðurkenndur birgir birgða til notkunar um borð“: birgir sem viðhefur verklagsreglur sem uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd þannig að unnt sé að afhenda birgðir til notkunar um borð beint um borð í loftfarið,
4. „þekktur birgir birgða til notkunar um borð“: birgir sem viðhefur verklagsreglur sem uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd þannig að unnt sé að afhenda flugrekanda eða viðurkenndum birgi birgðir til notkunar um borð en ekki beint um borð í loftfarið,
5. „þekktur birgir flugvallarbirgða“: birgir sem viðhefur verklagsreglur sem uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd þannig að unnt sé að afhenda flugvallarbirgðir inn á haftasvæði flugverndar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með tilgreindri dagsetningu í framkvæmdarreglunum, sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 4. gr. í reglugerð (EB) nr. 300/2008, en eigi síðar en 29. apríl 2010.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „flugvallarbirgðir“: allir hlutir sem ætlunin er að selja, nota eða gera tiltæka á haftasvæði flugverndar á flugvöllum,

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

Leyfilegar skimunaraðferðir

Samkvæmt framkvæmdarreglum, sem skulu samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 er leyfilegt að nota eftirfarandi aðferðir við skimun, annaðhvort einar sér eða ásamt öðrum aðferðum, sem aðal- eða viðbótarúrræði og samkvæmt skilgreindum skilyrðum:

1. Að því er varðar skimun einstaklinga:
 - a) handleit,
 - b) málmleitarhlíð (WTMD),
 - c) handmálmleitaræki (HHMD),
 - d) sprengjuleitarhundar og
 - e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD).
2. Að því er varðar skimun handfarangurs, hluta sem aðrir en farþegar bera á sér, pósts flugrekanda og rekstrarvara flugrekanda nema þegar setja á þau í lest loftfars, birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða:
 - a) handleit,
 - b) sjónræn skoðun,
 - c) röntgenbúnaður,
 - d) greiningarkerfi fyrir sprengiefni (EDS)
 - e) sprengjuleitarhundar og
 - f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD).

Að því er varðar skimun vökva, gels og úðæfna:

 - a) smökkun eða prófun á húðinni,
 - b) sjónræn skoðun,
 - c) röntgenbúnaður,
 - d) greiningarkerfi fyrir sprengiefni (EDS)
 - e) sprengjuleitarhundar og
 - f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD).
 - g) prófunarræmur fyrir efnahvörf og
 - h) skanni fyrir vökva í ílátum.
3. Að því er varðar lestarfarangur, farm og pósti svo og pósti flugrekanda og rekstrarvörur flugrekanda sem á að setja um borð í loftfar:
 - a) handleit,
 - b) sjónræn skoðun,
 - c) röntgenbúnaður,
 - d) greiningarkerfi fyrir sprengiefni (EDS)
 - e) sprengjuleitarhundar og

- f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD) og
- g) hermiklefi.

Til að meta aðferðir við skimun, þar sem notuð er ný tækni sem ekki var þekkt þegar þessi reglugerð var samþykkt, er heimilt, samkvæmt framkvæmdarreglunum sem skulu samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, að leyfa notkun annarra aðferða í tilraunaskyni í takmarkaðan tíma að því tilskildu að slíkar tilraunir dragi ekki úr heildarflugvernd.

B-HLUTI

Flokkar hluta sem heimilt er að banna

Samkvæmt framkvæmdarreglunum, sem skulu samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, er heimilt að banna, samkvæmt skilgreindum skilyrðum, að hafa meðferðis einhverja eða alla eftirfarandi flokka hluta inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar:

- a) *byssur, skotvopn og önnur tæki sem skjóta skotum* – tæki sem unnt er að nota, eða virðist vera unnt að nota, til að valda alvarlegum áverkum með því að skjóta skotum,
- b) tæki til að dasa – tæki sem er hannað sérstaklega til að dasa fólk eða valda því að það geti ekki hreyft sig,
- c) *oddhvassir eða egghvassir hlutir* – oddhvassir eða egghvassir hlutir sem unnt er að nota til að valda alvarlegum áverkum,
- d) *verkfæri* – verkfæri sem unnt er að nota annaðhvort til að valda alvarlegum áverkum eða til að ógna öryggi loftfara,
- e) *bitlaus áhöld og tól* – hlutir sem unnt er að nota til að valda alvarlegum áverkum þegar þeir eru notaðir til að berja með og
- f) sprengiefni og íkveikjuefni og -tæki – sprengiefni og íkveikjuefni og -tæki sem unnt er að nota eða virðist vera unnt að nota til að valda alvarlegum áverkum eða til að ógna öryggi loftfars.

C-HLUTI

Aðgangseftirlit: ástæður fyrir því að veittur sé aðgangur að flugsvæði og haftasvæði flugverndar

Aðgangur skal veittur að flugsvæði og haftasvæði flugverndar í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

1. Einstaklingum og ökutækjum er einungis heimilt að fá aðgang að flugsvæði ef þau hafa lögmæta ástæðu til að vera þar.
Til að fá aðgang að flugsvæði skal einstaklingur hafa meðferðis heimild.
Til að fá aðgang að flugsvæði skal ökutæki hafa ökutækjaaðgangskort.
2. Einstaklingum og ökutækjum er einungis heimilt að fá aðgang að haftasvæði flugverndar ef þau hafa lögmæta ástæðu til að vera þar.
Til að fá aðgang að haftasvæði flugverndar skal einstaklingur framvísa heimild.
Til að fá aðgang að haftasvæði flugverndar skal ökutæki hafa ökutækjaaðgangskort.

D-HLUTI

Aðferðir sem eru leyfðar til að skoða ökutæki, framkvæma flugverndarathugun á loftfari og flugverndarleit í loftfari

Samkvæmt framkvæmdarreglum, sem skulu samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, er leyfilegt að nota eftirfarandi aðferðir við skoðun á ökutækjum, flugverndarathugun á loftfari og flugverndarleit í loftfari, annaðhvort einar og sér eða ásamt öðrum aðferðum, sem aðal- eða viðbótarúrræði samkvæmt skilgreindum skilyrðum:

- a) handleit,
- b) sjónræn skoðun,
- c) sprengjuleitarhundar og
- d) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD).

Til að meta aðferðir við skoðun, þar sem notuð er ný tækni sem ekki var þekkt þegar þessi reglugerð var samþykkt, er heimilt, samkvæmt framkvæmdarreglunum sem skulu samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, að leyfa notkun annarra aðferða í tilraunaskyni í takmarkaðan tíma að því tilskildu að slíkar tilraunir dragi ekki úr heildarflugvernd.

E-HLUTI

Viðmiðanir til að viðurkenna jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum

Framkvæmdastjórnin skal viðurkenna jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

- a) þriðja land hefur hingað til starfað í góðri samvinnu við Bandalagið og aðildarríki þess,
- b) framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að þriðja land beiti fullnægjandi kröfum um flugvernd, þ.m.t. gæðaeftirlit, og
- c) framkvæmdastjórnin hefur sannreynt:
 - að því er varðar farþega og handfarangur, að gerðar séu verndarráðstafanir til samræmis við þær sem settar eru fram í 1., 3., 11. og 12. lið og liðum 4.1 og 4.2 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 300/2008 og tengdar framkvæmdargerðir.
 - að því er varðar lestarfarangur, að gerðar séu verndarráðstafanir til samræmis við þær sem settar eru fram í 1., 3., 5., 11. og 12. lið í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 300/2008 og tengdar framkvæmdargerðir,
 - að því er varðar farm og póst, að gerðar séu verndarráðstafanir til samræmis við þær sem settar eru fram í 1., 3., 6., 11. og 12. lið við viðaukann við reglugerð (EB) nr. 300/2008 og tengdar framkvæmdargerðir og/eða,
 - að því er varðar vernd loftfars, að gerðar séu verndarráðstafanir til samræmis við þær sem settar eru fram í 1., 3., 11. og 12. lið og í liðum 4.1 og 4.2 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 300/2008 og tengdar framkvæmdargerðir.

F-HLUTI

Farmur og póstur**1. Farmur og póstur: skilyrði fyrir skimun farms og pósts eða öðru flugverndareftirliti**

Farmur og póstur, sem á að setja um borð í loftfar, skal skimaður nema:

- a) viðurkenndur umboðsaðili hafi viðhaft flugverndareftirlit með sendingunni og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þetta flugverndareftirlit fór fram eða
- b) þekktur sendandi hafi viðhaft flugverndareftirlit með sendingunni og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því að þetta flugverndareftirlit fór fram eða
- c) skráður sendandi hafi viðhaft flugverndareftirlit með sendingunni, sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þetta flugverndareftirlit fór fram og farmurinn sé fluttur með vöruflygi eða pósthugi eða
- d) viðhaft hafi verið flugverndareftirlit með flugskiptafarmi og flugskiptapósti, eins og um getur í lið 6.1.2 í viðauka við reglugerð (EB) nr. 300/2008.

2. Farmur og póstur: ferli við samþykki eða tilnefningu viðurkenndra umboðsaðila, þekktra sendenda og skráðra sendenda

Eftirfarandi ferli skal gilda við samþykki eða tilnefningu viðurkenndra umboðsaðila, þekktra sendenda og skráðra sendenda:

1. Viðurkenndir umboðsaðilar skulu samþykktir af hálfu viðeigandi yfirvalds.

Til að verða samþykktur sem viðurkenndur umboðsaðili skal umsækjandinn leggja fram gögn um kröfur um flugvernd og gangast síðan undir sannpröfun á staðnum til að tryggja að tilskildar kröfur séu uppfylltar.

2. Þekktir sendendur skulu samþykktir af hálfu viðeigandi yfirvalds.

Til að verða samþykktur sem þekktur sendandi skal umsækjandinn leggja fram gögn um kröfur um flugvernd og skal síðan gangast undir sannpröfun á staðnum til að tryggja að tilskildar kröfur séu uppfylltar.

Að öðrum kosti er viðurkenndu yfirvaldi heimilt að leyfa að viðurkenndur umboðsaðili tilnefni þekktan sendanda þar til tiltekinn dagur hefur verið ákvarðaður í framkvæmdarreglunum sem skulu samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

3. Viðurkenndur umboðsaðili skal tilnefna skráða sendendur.

Til að verða tilnefndur sem skráður sendandi skal viðurkenndi umboðsaðilinn tryggja að væntanlegur, skráður sendandi leggi fram upplýsingar um kröfur um flugvernd og skal hann fullgilda upplýsingarnar.

G-HLUTI

Skilyrði fyrir skimun pósts flugrekanda og rekstrarvara flugrekanda eða öðru flugverndareftirliti með þeim

Póstur flugrekanda og rekstrarvörur flugrekanda sem á að setja um borð í loftfar skulu annaðhvort skimuð sem lestarfarangur eða sæta sama flugverndareftirliti og farmur og póstur.

Póstur flugrekanda og rekstrarvörur flugrekanda, sem á að setja um borð í hvaða hluta loftfarsins sem er, að undanskilinni lestinni, skulu skimuð sem handfarangur.

H-HLUTI

Birgðir til notkunar um borð og flugvallarbirgðir**1. Birgðir til notkunar um borð og flugvallarbirgðir: skilyrði fyrir skimun þeirra eða öðru flugverndareftirliti með þeim:****1. Birgðir til notkunar um borð skulu skimaðar nema:**

- a) viðhaft hafi verið flugverndareftirlit með birgðunum af hálfu flugrekanda, sem flytur þær um borð í eigin loftfar og þær hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þetta eftirlit fór fram og þar til þær voru fluttar í loftfarið eða
- b) viðhaft hafi verið flugverndareftirlit með birgðunum af hálfu viðurkennds birgis og þær hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þetta eftirlit fór fram þar til þær voru fluttar í loftfarið eða afhentar, eftir atvikum, flugrekanda eða öðrum viðurkenndum birgi eða
- c) viðhaft hafi verið flugverndareftirlit með birgðunum af hálfu þekchts birgis og þær hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þetta eftirlit fór fram og þar til þær voru afhentar flugrekanda eða öðrum viðurkenndum birgi.

2. Flugvallarbirgðir skulu skimaðar áður en heimilt er að flytja þær inn á haftasvæði flugverndar nema viðhaft hafi verið flugverndareftirlit með þeim af hálfu þekchts birgis og birgðirnar hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þetta eftirlit fór fram og þar til þær eru komnar inn á haftasvæði flugverndar.**2. Birgðir til notkunar um borð og flugvallarbirgðir: ferli við samþykki eða tilnefningu viðurkenndra birgja og þekktra birgja****1. Viðurkenndir birgjar skulu samþykktir af hálfu viðurkennds yfirvalds eigi síðar en tiltekinn dag sem ákvarðaður er í framkvæmdarregluglunum sem skulu samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.**

Til að verða samþykktur sem viðurkenndur birgir birgða til notkunar um borð skal umsækjandinn leggja fram gögn um kröfur um flugvernd og gangast síðan undir sannpröfun á staðnum til að tryggja að tilskildar kröfur séu uppfylltar.

2. Þekktir birgjar birgða til notkunar um borð skulu tilnefndir af hálfu umráðanda/flugrekanda eða aðila sem afhenda þeim birgðirnar.

Til að verða tilnefndur sem þekktur birgir birgða til notkunar um borð skal umráðandi/flugrekandi eða aðili, sem afhendir honum birgðirnar, tryggja að væntanlegur, þekktur birgir láti í té upplýsingar varðandi kröfur um flugvernd og skal hann fullgilda upplýsingarnar.

3. Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna þekkta birgja flugvallarbirgða.

Til að verða tilnefndur sem þekktur birgir flugvallarbirgða skal rekstraraðili flugvallar tryggja að væntanlegur, þekktur birgir láti í té upplýsingar um kröfur um flugvernd og skal hann fullgilda upplýsingarnar.

I-HLUTI

Viðmiðanir fyrir skilgreiningu viðkvæmustu hluta haftasvæða flugverndar

Skilgreining á viðkvæmustu hlutum haftasvæða flugverndar skal tryggja að skimaðir brottfararfarþegar (bæði farþegar sem hefja ferð og flugskiptafarþegar) og handfarangur þeirra svo og skimaður lestarfarangur til brottfarar (bæði lestarfarangur til brottfarar sem hefur ferð og flugskiptalestarfarangur til brottfarar) komist ekki í snertingu við farþega og farangur sem hefur ekki verið skimaður.

J-HLUTI

Ráðning starfsfólks og þjálfunaraðferðir1. *Viðmiðanir fyrir ráðningu starfsfólks*

Eftirfarandi viðmiðanir gilda fyrir ráðningu einstaklinga, sem munu framkvæma eða bera ábyrgð á því að framkvæma skimun, aðgangseftirlit eða annað flugverndareftirlit, og leiðbeinendur:

- a) þeir skulu hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni eða athugun áður en ráðning á sér stað í samræmi við reglur í hverju aðildarríki fyrir sig og
- b) þeir skulu búa yfir nauðsynlegri hæfni til að sinna þeim verkefnum sem þeim er falið.

2. *Þjálfunaraðferðir*

Samkvæmt framkvæmdarreglunum, sem skulu samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, er heimilt að krefjast þess:

- a) að einstaklingar sem framkvæma eða bera ábyrgð á því að framkvæma skimun, aðgangseftirlit eða annað flugverndareftirlit,
- b) að leiðbeinendur og
- c) að einstaklingar sem fá útgefin aðgangskort að flugvelli eða aðgangskort áhafnar gangist undir fræðilega þjálfun, verklega þjálfun og starfsþjálfun á vinnustað.

K-HLUTI

Skilyrði fyrir því hvenær beita má sérstökum verndarráðstöfunum eða undanþágum frá flugverndareftirliti

Samkvæmt framkvæmdarreglunum, sem skulu samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, er heimilt að leyfa sérstakar verndarráðstafanir eða undanþágur frá flugverndareftirliti sem skal beita að því tilskildu:

- a) að ráðstöfunin eða undanþágan sé staðfest af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða viðeigandi yfirvalds og
- b) að það séu hlutlægar ástæður sem færa rök fyrir ráðstöfuninni eða undanþágunni.